



FÉLAG UMhverfisfræðinga
Á ÍSLANDI

Alþingi
Erindi nr. Þ 137/125
komudagur 9.6.2009

Félag umhverfisfræðinga á Íslandi
Sólvallagötu 74, 101 Reykjavík

Reykjavík, 8. júní 2009

Nefndasvið Alþingis
Umhverfisnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Málefni: Umsögn um 2. mál, frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur.

Félag umhverfisfræðinga á Íslandi (FUMÍ) hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 18/1996 um erfðabreyttar lífverur.

FUMÍ fagnar því meginmarkmiði frumvarpsins að skýrar málsmeðferðarreglur gildi um markaðssetningu og sleppingu erfðabreyttra lífvera. FUMÍ fagnar því einnig að tryggja eigi aðkomu almennings að ákvarðanatöku hvað þetta málefni varðar.

Varðandi einstakar greinar frumvarpsins gerir FUMÍ eftirfarandi athugasemdir:

1. gr.

Það verður seint ítrekað nægilega hversu mikilvægt er að vernda líffræðilega fjölbreytni og er full ástæða til að minna á hversu viðkvæmt hið einangraða vistkerfi á Íslandi er fyrir hvers kyns aðfluttu erfðaeefni. Eins er ástæða til að fagna tilvísun í varúðarregluna í þessu sambandi, sem hingað til hefur ekki verið gert nægilega hátt undir höfði í íslenskum lögum.

4. gr.

Ekki eru gerðar athugasemdir við að Umhverfisstofnun sé falið fræðsluhlutverk eins og lagt er til í greininni. Hins vegar skal bent á nauðsyn þess að viðtæk sérfræðipækning á málaflokknum sé til staðar hjá þeirri stofnun sem fer með þetta hlutverk. Einnig er undarlegt að vísað er til þess í athugasemdum með greininni að ráðgjafanefndin hafi ekki haft fjármagn til að sinna þessu fræðsluhlutverki og því geti Umhverfisstofnun sinnt því. Augljóst er að fræðslustarfi af þessu tagi fylgir alltaf nokkur kostnaður hver sem valinn er til að sinna því. FUMÍ telur að skynsamlegt væri að skilgreina nánar í hverju fræðslustarf Umhverfisstofnunar felist og hvaða sérfræðipækning þurfi að liggja þar að baki. Þetta má e.t.v. gera með reglugerð.

13. gr.

Með hliðsjón af reynslu af framkvæmd annarra laga, t.d. laga um mat á umhverfisáhrifum, er mikilvægt að ekki verði pottur brotinn í eftirfylgni með þessu ákvæði. Vöktun og skýrslugjöf hlýtur að vera einn af hornsteinum málsmeðferðarreglna í þessum málaflokki og skýrt verður að vera hvaða aðili eigi að sjá um eftirfylgni. Því verður seint ítrekað

nægilega að hér þurfi að binda svo um hnúta að leyfishafi komist ekki upp með að hundsá ákvæði um slíkt. Slíkt er í fullu samræmi við fyrrnefnda varúðarreglu.

15.gr.

FUMÍ tekur undir innihald þessarar greinar sérstaklega því mikilvægt er að ríkt samráð sé haft um ákvarðanir sem varða málefni erfðabreyttra lífvera.

FUMÍ gerir að lokum athugasemd við umsögn fjármálaráðuneytisins varðandi kostnað vegna þeirra verkefna sem Umhverfisstofnun eru falin með frumvarpi þessu og telur hann vanmetinn, sérstaklega þar sem kostnaður við fræðsluverkefni er meðtalinn í þeirri fjárhæð sem nefnd er í umsögn ráðuneytisins.

f.h. stjórnar Félags umhverfisfræðinga á Íslandi
Björn H. Barkarson